

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Arnarhvoli við Lindagötu,
101 Reykjavík
B.t. Skrifstofu skattamála

Sent í samráðsgátt
Reykjavík, 18. september 2026

Efni: Umsögn Bændasamtaka Íslands vegna áforma um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (innheimta, tollar o.fl.), mál nr. S-167/2026.

Þann 4. september sl. voru birt í samráðsgátt stjórnvalda áform um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (innheimta, tollar o.fl.), þ.á.m. breytingu sem varðar tollflokkun rifins mozzarellaosts með *viðbættum* jurtaolíum sem notaður er við pizzagerð. Fyrirhuguð breyting beinist að vöruflokki sem hefur sætt ítarlegri meðferð hjá íslenskum tollfyrirvöldum og á öllum stigum dómstóla og hefur verulega þýðingu fyrir íslenska mjólkurframleiðslu.

Áformin fela ekki aðeins í sér tæknilega breytingu tollskrár heldur er áformað að horfið verði frá þeirri flokkun sem íslensk stjórnvöld og dómstólar hafa byggt á, þannig að vara sem er að meginstofni mjólkurafurð, sbr. mozzarellaostur, verði færð úr tollskrárnúmeri 0406.2000 yfir í tollskrárlið 2106.90. Slík breyting hefur bein áhrif á tollmeðferð vörunnar og þar með starfsskilyrði innlendarar mjólkurframleiðslu.

Bændasamtök Íslands leggjast alfarið gegn því að áform þessi nái fram að ganga. Þá telja samtökin að gera verði ríkar kröfur til undirbúnings, rökstuðnings, samráðs og áhrifamats áður en ráðist verði í breytingar af þessu tagi. Að mati samtakanna uppfylla fyrirbyggjandi áform ekki þær kröfur.

1. Skortur á boðuðu samráði

Sams konar áform voru birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 10. febrúar 2025 og skiluðu Bændasamtök Íslands inn umsögn þann 24. febrúar sama ár ásamt því að senda ásamt fleiri aðilum bréf til fjármála- og efnahagsráðherra þann 17. febrúar sama ár.¹ Samkvæmt niðurstöðu þess samráðs stóð til að „*hefja nánari skoðun á málinu í samráði við hagaðila með það að markmiði að sameina alþjóðaskuldbindingar, hagsmuni bænda og hagsmuni neytenda. Að lokinni þeirri skoðun verður tekin ákvörðun um hvort tilefni væri til breytinga á tollskránni.*“² Slíkt rímar einnig við það sem atvinnuvegaráðherra hafði áður sagt opinberlega, þann 21. febrúar 2025, um að breytingin „*kunni að hafa í för með sér neikvæð áhrif á einhvern hluta innlendarar framleiðslu og samkeppnisstöðu bænda.*“ Að auki tók ráðherra atvinnuvega, ásamt fjármála- og efnahagsráðherra, af allan vafa um að málið myndi ekki ganga lengra án samráðs við hagaðila um starfsumhverfi landbúnaðarins.

¹ Umsögn Bændasamtaka Íslands um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, lögum um umhverfis- og auðlindaskatt, nr. 129/2009 og tollalögum, nr. 88/2005, o.fl., mál nr. S-26/2025, sbr. [umsögn Bændasamtakanna o.fl. við áformin, 24. febrúar 2025, ásamt sameiginlegu bréfi sent til ráðherra, 17. febrúar 2025.](#)

² Sjá hér, sbr. [mál nr. S-26/2025.](#)

Nú hafa stjórnvöld birt áformin að nýju án þess að upplýst hafi verið um niðurstöður slíks samráðs eða að hagaðilum landbúnaðarins hafi verið gefinn nokkur kostur á að taka þátt í þeirri vinnu sem boðuð var. Bændasamtök Íslands gera alvarlegar athugasemdir við að horfið sé frá fyrirhuguðu samráðsferli og málið sé nú lagt fram að nýju án þess að fyrir liggi greining á áhrifum breytinganna eða umræða við þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta.

Athygli vekur að í bréfi íslenskra stjórnvalda til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 24. nóvember 2025 kemur fram að stjórnvöld telji mikilvægt að ljúka viðræðum við Bændasamtök Íslands áður en frumvarp um breytingar á tollskránni verði lagt fram á Alþingi. Þar kemur einnig fram að tilgangur viðræðnanna sé meðal annars að meta áhrif breytinganna á innlenda framleiðslu og greina þær vörur sem myndu færast úr 4. kafla tollskrár í 19. eða 21. kafla og kunni að koma í stað innlendra afurða. Stjórnvöld hafa þannig sjálf lagt áherslu á nauðsyn þess að slíkt mat og samráð fari fram áður en ákvörðun er tekin um lagabreytingu.

Í ljósi þess verður ekki séð að fullnægjandi skýringar hafi verið veittar á því hvers vegna málið er nú lagt fram að nýju án þess að ráðist hafi verið til þess samráðs og þeirrar áhrifagreiningar sem stjórnvöld töldu sjálf nauðsynlegt sem grundvöll frekari lagasetningar. Að auki liggur fyrir viðræðuáætlun nýrra búvörusamninga, dags. 2. júní 2026, þar sem kemur fram að markaðsverndin (*tollvernd*) verði sérstakt viðræðuefni nýrra samninga. Umrædd áætlun er undirrituð af hálfu beggja samningsaðila, þ.e. stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands.

2. Engin skylda til breytinga

Líkt og Bændasamtökin bentu á í [umsögn](#) sinni frá 24. febrúar 2025, sbr. einnig [bréf til fjármála- og efnahagsráðherra](#) þann 17. febrúar 2025,³ verður ekki með nokkrum hætti séð að íslensk stjórnvöld séu skuldbundin að lögum til að gera þær breytingar sem hér eru áformaðar, hvorki vegna álits HS-nefndar Alþjóðatollastofnunarinnar eða áminningar ESA.

Samkvæmt 189. gr. tollalaga nr. 88/2005 er ráðherra veitt heimild til að gera breytingar á tollskrá til samræmis við breytingar á alþjóðlegu tollskrárkerfi og álit Alþjóðatollastofnunarinnar, en ákvæðið felur ekki í sér skyldu til að gera slíkar breytingar. Álit HS-nefndarinnar er því mikilvægt túlkunargagn en verður að jafnaði ekki bindandi réttarheimild sem krefst breytinga á íslenskri tollskrá eða leiðir sjálfkrafa til þess að fyrri niðurstöður íslenskra stjórnvalda og dómstóla verði rangar.

Þá verður jafnframt að líta til 2. mgr. 189. gr. tollalaga, þar sem tekið er fram að breytingar samkvæmt 1. mgr. skuli ekki hafa afturvirk gildi og skuli ekki hafa áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá, gjöld, gjaldfrelsi, heimildir, takmarkanir eða annað sem kveðið er á um í öðrum lögum. Ef fyrirhuguð tilfærsla vörunnar úr tollskrárnúmeri 0406.2000 í tollskrárlið 2106.90 leiðir í reynd til lægri tollbyrði eða niðurfellingar tolls verða stjórnvöld að skýra sérstaklega hvernig sú niðurstaða samrýmist þessu takmörkunarákvæði.

³ Um var að ræða sameiginleg bréf SAFL, Bændasamtaka Íslands, Beint frá býli, Samtaka smáframleiðenda matvæla, Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Samtaka ungra bænda til fjármála- og efnahagsráðherra. Í bréfinu kom m.a. fram að boðuð breyting á tollflokkun myndi hafa verulega neikvæð áhrif á stöðu íslenskrar mjólkurframleiðslu með þeim afleiðingum að hundruðir milljóna króna á ársgrundvelli myndu færast frá íslenskum bændum til erlendra bænda og hérlendra örfárna innflutningsaðila.

Að sama skapi verður að skýra af hverju fyrirhuguð breyting er fyrirhuguð með almennri lagasetningu þar sem hún rúmast ekki innan þeirrar afmörkuðu heimildar sem ráðherra er veitt í 189. gr. tollalaga. Sú staðreynd að almenn lagabreyting kunni að vera nauðsynleg sýnir jafnframt að ekki er um hlutlausa eða tæknilega uppfærslu tollskrár að ræða heldur efnislega ákvörðun um breytingu á tollbyrði og tollvernd.

Þá verður ekki séð að í áformaskjalinu sé með fullnægjandi hætti gert grein fyrir því hvort fyrirhugaðar breytingar séu byggðar á nýjum lagalegum skuldbindingum Íslands eða hvort um sé að ræða stefnumótandi ákvörðun stjórnvalda um að bregðast við áliti og athugasemdum erlendra eftirlits- og ráðgjafastofnana.

Þá vekur það sérstaka athygli að samkvæmt áformaskjalinu er markmið frumvarpsins meðal annars að „loka glufum, fækka undanþágum í skattkerfinu og auka skilvirkni í framkvæmd.“ Fyrirhuguð breyting á tollflokkun myndi hins vegar fela í sér hið gagnstæða, þar sem hún myndi skapa sérstaka undanþágu fyrir afmarkaðan vöruflokk sem hingað til hefur notið sömu tollmeðferðar og aðrar sambærilegar mjólkurafurðir og frekari glufur opnaðar. Slíkt er ekki til þess fallið að auka skilvirkni né loka glufum líkt og áformin boða.

Jafnframt verður að hafa í huga að ágreiningur um tollflokkun umræddrar vöru hefur þegar sætt ítarlegri meðferð hjá stjórnvöldum og dómstólum. Frá árinu 2020 hefur tollflokkun umræddrar vöru sætt ítarlegri meðferð hjá tollfyrirvöldum, yfirséðanefnd og á öllum dómstigum. Niðurstaðan hefur á hverju stigi verið sú sama, þ.e. að varan telst vera ostur og skal tollflokkest sem slík. Sú niðurstaða hefur verið staðfest í bindandi stjórnsýsluákvörðunum, úrskurðum yfirséðanefndar,⁴ í dómi héraðsdóms Reykjavíkur þann [8. júlí 2021](#), dómi Landsréttar þann [11. febrúar 2022](#), synjun Hæstaréttar á áfrýjunarleyfi þann 21. mars 2022 (*ekki birt*), úrskurði Endurupptökudóms þann [20. desember 2023](#), dómi héraðsdóms Reykjavíkur þann [17. febrúar 2025](#), dómi Landsréttar þann [11. mars 2026](#) og loks dómi Hæstaréttar þann [27. apríl 2026](#). Breyting á þessari niðurstöðu yrði því ekki leiðrétting á einhverri réttaróvissu eða einföldun heldur **meðvituð pólitísk ákvörðun löggjafans um að víkja frá þeirri réttarstöðu sem stjórnvöld og dómstólar hafa ítrekað staðfest.**

Þá verður ekki séð að í áformaskjalinu sé gerð grein fyrir því hvers vegna rétt þyki að víkja frá þeirri réttarstöðu sem þannig hefur mótast eða hvers vegna sú lögskýring sem íslenskir dómstólar hafa lagt til grundvallar eigi ekki lengur við. Slík breyting verður að teljast þeim mun meira íþyngjandi þar sem ekki liggur fyrir að fordæmisgefandi dómaframkvæmd hafi breyst eða að nýjar lagaskyldur hafi stofnast sem krefjast endurskoðunar gildandi tollflokunar.

EES-réttur, bókun 3 og mál ESA

Í áformaskjalinu verður að gera skýran greinarmun á þremur atriðum, þ.e. túlkun HS-nefndar Alþjóðatollastofnunarinnar, tollflokkun samkvæmt íslenskum tollalögum og tollskrá og þeim sérstöku skuldbindingum sem leiða kunna af bókun 3 við EES-samninginn og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2001.

⁴ Sjá m.a. úrskurð yfirséðanefndar nr. 125/2021, úrskurð yfirséðanefndar nr. 6/2022 og úrskurð yfirséðanefndar nr. 125/2023.

ESA sendi Íslandi formlegt áminningarbréf 9. apríl 2025 í máli nr. 92218 vegna tollflokknar vörunnar. Tilvist þess máls leiðir þó ekki sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að íslensk stjórnvöld séu lagalega skuldbundin til að gera þá viðtæku breytingu sem nú er boðuð.

Það sem vekur sérstaka athygli er að ESA hefur aldrei tekið efnislega afstöðu til þeirra athugasemda við 4. kafla tollskrárinnar sem ágreiningurinn lýtur að. Þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld og dómstólar hafi fjallað ítarlega um túlkun þeirra og réttaráhrif er hvergi í gögnum ESA að finna sjálfstæða greiningu á þessum grundvallarþætti málsins. Í stað þess virðist stofnunin hafa gengið út frá þeirri flokkunarniðurstöðu sem kvartandi hefur haldið fram, án þess að rannsaka eða rökstyðja sérstaklega hvort sú niðurstaða leiði í raun af orðalagi, kerfi eða skýringargögnum tollskrárinnar. Þetta veikir verulega þá fullyrðingu að fyrirhuguð lagabreyting sé óhjákvæmileg afleiðing skuldbindinga samkvæmt EES-samningnum.

Útvíkkun gildissviðs breytingarinnar

Í áformaskjalinu sem birt var 10. febrúar 2025 kom fram að bæta þyrfti viðbótarskýringu við c-lið 5. athugasemdar við 4. kafla tollskrárinnar á þá leið að vörur þar sem mjólkurfita hefur verið að öllu leyti eða hluta til verði **skipt út** fyrir aðrar tegundir fitu, svo sem jurtafitu, teldust ekki falla undir 4. kafla tollskrárinnar. Með slíkri afmörkun var fyrirhuguð breyting bundin við þær vörur þar sem *raunveruleg breyting* hefði átt sér stað, þ.e. þar sem mjólkurfita hefði verið fjarlægð í heild eða að hluta og önnur tegund fitu komið í hennar stað. Í ný framlögðu áformaskjali stjórnvalda er hins vegar ekki lengur að finna slíka kröfu um útskiptingu mjólkurfitu heldur er einungis vísað til breytinga á tollflokkun rifins mozzarella osts með viðbættum jurtaolíum. Af því leiðir að breytingin virðist ekki lengur takmarkast við vörur þar sem samsetningu mjólkurafurðar hefur verið breytt með útskiptingu fitu, heldur gæti hún náð til vara sem eru enn að meginstofni til mjólkurostar en hafa einungis fengið viðbót, þá með jurtaolíu. Slík breyting felur í sér verulega efnislega útvíkkun frá fyrri áformum og dregur úr því skýra aðgreiningarsjónarmiði sem bæði tolyfirvöld og íslenskir dómstólar hafa áður byggt á, þ.e. að greina beri milli þess að skipta mjólkurfitu út annars vegar og hins vegar að bæta nýju innihaldsefni við ostinn.

3. Áhrif á markaðsvernd, öryggi, landbúnaðarstefnu og matvælastefnu

Breyting af þessu tagi gæti jafnframt haft viðtækari áhrif en einungis á umræddan pizzaost. Ef ekki er lengur gerð krafa um að mjólkurfita sé raunverulega leyst af hólmi af annarri fitu, heldur nægir að jurtaolíu sé bætt við, verður óljóst hvar mörk tollflokksins liggja. Slík óvissa getur jafnframt dregið úr fyrirsjáanleika tollframkvæmdar og gert erfiðara fyrir að tryggja samræmda meðferð sambærilegra vara.

Þá gæti breytingin skapað hvata til framleiðslu og innflutnings á vörum sem eru að efninu til hefðbundnir mjólkurostar en er lítilllega breytt í þeim tilgangi að falla undir hagstæðari tollmeðferð. Afleiðingarnar gætu orðið þær að sú tollvernd sem löggjafinn hefur talið nauðsynlega fyrir innlenda mjólkurframleiðslu veikist til muna í framkvæmd án þess að tekin hafi verið sérstök pólitísk ákvörðun um að endurskoða almennt stöðu eða vernd landbúnaðarafurða í tollkerfinu. Verði sú nálgun að raunveruleika kann slíkt jafnframt að hafa fordæmisgildi fyrir aðrar mjólkur- og landbúnaðarafurðir og skapa þrýsting á frekari undanþágur eða breytingar á tollmeðferð landbúnaðarafurða í framtíðinni. Með því gæti vernd innlendar landbúnaðarframleiðslu smám

saman rýrnað án þess að fram fari heildstæð umræða um áhrif á fæðuöryggi, framleiðslugetu landsins og markmið íslenskrar landbúnaðarstefnu, matvælastefnu o.fl.

Við mat á fyrirhuguðum breytingum verður jafnframt að líta til þeirra samfélagslegu markmiða sem tollvernd landbúnaðarafurða þjónar. Tollvernd hefur um áratugaskeið verið ein af hornsteinum íslenskrar landbúnaðarstefnu og er ætlað að styðja við innlenda matvælaframleiðslu, fæðuöryggi og getu landsins til að viðhalda framleiðslugetu á mikilvægum matvælum. Þótt fyrirsjáanlegt sé að breytingin skapi fjárhagslegan ávinnings fyrir tiltekna innflutningsaðila gagnvart „*hagstæðari tollmeðferð*“ ber að meta þá hagsmuni gagnvart þeim ríku almannahagsmunum sem liggja að baki núverandi fyrirkomulagi.

Umrædd vara er í reynd bein staðgengilsvara við innlendum rifnum osti og því augljóst að breyting á tollmeðferð hennar hefur áhrif á samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu. Þegar jafnframt er litið til þess að varan samanstendur að langmestu leyti af mjólkurosti verður ekki séð að nægilega hafi verið sýnt fram á að mögulegur ávinningur breytingarinnar fyrir neytendur eða þjóðarbúið vegi þyngra en sú áhætta sem hún felur í sér fyrir innlenda mjólkurframleiðslu, verðmætasköpun og framleiðslugetu landsins til lengri tíma litið.

Sérstaka athygli vekur að breytingin virðist í reynd sniðin að afar afmörkuðum viðskiptahagsmunum sem tengjast innflutningi tiltekins vöruflokks. Því verður að gera þær kröfur að stjórnvöld sýni fram á að brýnir og málefnalegir almannahagsmunir réttlæti breytinguna og að fyrir liggi fullnægjandi mat á þeim fórnarkostnaði sem henni fylgir. Sá fórnarkostnaður takmarkast ekki við hagsmuni bænda heldur snýr að grundvallarmarkmiðum stjórnvalda um fæðuöryggi, innlenda verðmætasköpun og sjálfbæra framleiðslugetu.

Að óbreyttu verður ekki séð að nein gögn eða rök hafi verið lögð fram sem sýna að þeir takmörkuðu viðskiptalegu hagsmunir sem breytingunni er ætlað að þjóna vegi þyngra en þeir víðtæku almannahagsmunir sem í húfi eru. Þvert á móti er veruleg hættu á að breytingin leiði til þess að þröngir sérhagsmunir fái aukið vægi á kostnað þeirra almannahagsmuna sem núverandi tollvernd er ætlað að verja. Slík niðurstaða yrði vart talin samrýmast markmiðum stjórnvalda um að efla innlenda matvælaframleiðslu, styrkja fæðuöryggi þjóðarinnar og viðhalda framleiðslugetu landsins til framtíðar.

4. Athugasemdir varðandi áhrifamat

Í mati á áhrifum lagasetningar, birt 4. september 2026, er engin efnisleg umfjöllun um áhrif áðurnefndrar breytingar á íslenskan landbúnað, mjólkurframleiðslu, fæðuöryggi og þar með þjóðaröryggi, lýðheilsu, byggðir, samkeppni né einstaka markaði. Í áhrifamatinu er í raun aðeins tekið fram að gert sé ráð fyrir að fyrirhugaðar lagabreytingar hafi einhver áhrif á tekjur ríkissjóðs en endanleg niðurstaða liggi ekki fyrir. Þá er einnig tekið fram að um sé að ræða nauðsynlegar breytingar sem munu leiða til bættra skattskila, lokunar glufa, fækkunar undanþága og aukinnar skilvirkni í framkvæmd. Því virðist sú breyting sem hér er boðuð vera lögð fram án þess að sérstök greining á áhrifum hennar á viðkomandi atvinnugrein eða þá samfélagslegu hagsmuni sem breytingin kunni að hafa áhrif á liggi fyrir.

Gera Bændasamtökin alvarlegar athugasemdir við þennan annmarka á undirbúningi málsins. Ef breytingunni er ætlað að hafa áhrif á tollmeðferð vöruflokks sem hingað til hefur notið verndar

samkvæmt 4. kafla tollskrárinnar verður að telja eðlilegt að stjórnvöld leggi fram sérstakt mat á áhrifum hennar á innlenda framleiðslu, byggðamál, lýðheilsu, fæðuöryggi og þjóðaröryggi Íslendinga.

Sérstaka athygli vekur að í kafla C um efnahagsáhrif, atvinnulíf og samkeppni er vísað til þess að áhrif eigi ekki við, þrátt fyrir að breytingin beinist að afmörkuðum markaði fyrir mjólkurafurðir og geti haft áhrif á virkni þeirrar tollverndar sem löggjafinn hefur hingað til talið nauðsynlega vegna innlendar framleiðslu. Í dag fer rúmlega 12% af allri mjólk sem framleidd er í landinu í að búa til rifinn ost sem neytt er í landinu eða um 18,5 milljónir lítra af mjólk. Samsvarar það mjólkurframleiðslu 49 meðalkúabúa á ári. Til að meta möguleg áhrif þá er rétt að ítreka að hver 100 tonn af osti samsvara um einni milljón lítra af mjólk.

Áformin snúa að afnámi tolla á vöru sem flokka má sem staðgengilsvöru íslensk rifins ost og mun slík breyting því óhjákvæmilega hafa mikil áhrif á íslenska mjólkurframleiðslu. Að mati Bændasamtaka Íslands uppfyllir áhrifamatið því ekki þær kröfur sem gera verður þegar fyrirhugað er að breyta rekstrarumhverfi heillar atvinnugreinar og raska þeirri tollvernd sem gilt hefur um mjólkurafurðir um árabíl.

Sérstaka athygli vekur að stjórnvöld hafa áður lýst því gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) að breytingar á tollflokkun vörunnar gætu haft veruleg neikvæð áhrif á innlenda framleiðslu og samkeppnisstöðu íslensks mjólkuriðnaðar. Í ljósi þeirrar afstöðu verður enn síður séð hvernig unnt er að leggja fram áhrifamat þar sem áhrif á innlenda framleiðslu eru talin „eiga ekki við“ eða eru ekki metin sérstaklega.

Þá hefur tekjutap ríkissjóðs ekki verið tölusett þrátt fyrir að breytingin hefði í för með sér niðurfellingu tolla af umræddri staðgengilsvöru. Engu síður liggja hvorki fyrir upplýsingar um núverandi tolltekjur ríkissjóðs af viðkomandi vörum, umfang innflutnings samkvæmt gildandi flokkun né mat á því hvaða áhrif breytingin hefði á tolltekjur og innflutning til framtíðar.

Að mati Bændasamtaka Íslands er óásættanlegt að ráðist sé í lagabreytingu sem kann að hafa bein áhrif á tekjur ríkissjóðs og rekstrarskilyrði heillar atvinnugreinar án þess að fyrir liggi fullnægjandi ríkisfjármálamat. Slíkur undirbúningur er ekki aðeins forsenda upplýstrar stefnumótunar heldur einnig nauðsynlegur til að uppfylla þær kröfur sem leiða af 1. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál um vandaðan undirbúning lagasetningar sem varðar öflun og meðferð opinbers fjár.

Bændasamtök Íslands gera því alvarlegar athugasemdir við þann annmarka sem er á undirbúningi málsins og hvetja stjórnvöld framvegis til að viðhafa vönduð og gagnsæ vinnubrögð þegar áformað er að breyta starfsumhverfi heillar atvinnugreinar.

5. Samantekt

Með vísan til framangreinds telja Bændasamtök Íslands að fyrirhuguð breyting sé ekki tæk til framlagningar og leggja því til að áformin um breytingu á tollflokkun verði dregin til baka. Ekki hefur verið sýnt fram á lagalega nauðsyn breytingarinnar, boðað samráð hefur ekki farið fram og áhrif

hennar á tollvernd, ríkisfjármál, kúabú, innlenda mjólkurframleiðslu, byggðir, fæðuöryggi og þar með þjóðaröryggi hafa ekki verið metin með fullnægjandi hætti.

Að óbreyttu verður ekki með nokkrum hætti séð að breytingin þjóni almannahagsmunum. Fyrirsjáanlegur fjárhagslegur ávinningur hennar rennur til afmarkaðs hóps örfárar innflutningsaðila á meðan kostnaður myndi falla á ríkissjóð, innlenda verðmætasköpun, framleiðslugetu landsins og þar með almenning.

Ekki verður komist hjá þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð breyting muni fyrst og fremst þjóna sérhagsmunum fámenns hóps aðila, á sama tíma og áhættan og kostnaðurinn falla á samfélagið í heild. Náí breytingin fram að ganga yrðu sérhagsmunir örfárar innflytjenda teknir fram yfir almannahagsmuni sem felast í fæðuöryggi, innlendri verðmætasköpun, byggðafestu, framleiðslugetu landsins og ábyrgri meðferð opinbers fjár. Að mati Bændasamtaka Íslands eru slíkar áherslur hvorki málefnalega né samfélagslega verjandi.

Aukinheldur gengur það gegn þeim forsendum sem lagðar hafa verið til grundvallar í komandi viðræðum um nýja búvörusamninga að ráðast nú einhliða í breytingu sem hefur bein áhrif á starfsskilyrði landbúnaðarins. Markaðsvernd er skilgreint viðfangsefni þeirra viðræðna og mikilvægt að skapa nauðsynlegan vinnufrið og gagnkvæmt traust milli samningsaðila meðan sú vinna stendur yfir. Breytingar af þessu tagi verða því að sæta heildstæðri umfjöllun og raunverulegu samráði við hagaðila áður en ákvörðun er tekin.

Bændasamtök Íslands leggja því eindregið til að áformin verði dregin til baka og að stjórnvöld efni þess í stað til þess samráðs og þeirrar heildstæðu áhrifagreiningar sem áður hefur verið boðuð. Bændasamtökin eru reiðubúin til frekara samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Margrét Ágústa Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri



Elín Jónsdóttir,
lögfræðingur